

Ed.

313. Nefndarálit

[52. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almenn sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel húið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel húið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag. Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögnum, nr. 93 31. des. 1953.

Alþingi, 7. apríl 1960.

Friðjón Skarphéðinsson,
form.

Kjartan J. Jóhannson,
fundaskr., frsm.

Auður Auðuns.

Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.